

Fjölskylduhelgar

Tvær fjölskylduhelgar eru í sumarþúðunum í sumar. Fyrri helgin er þegar búðirnar byrja 25.júní – 27.júní. Síðan er það helgin um miðjar búðir sem er þá 9.júlí – 11.júlí. Við þurfum einnig að fá nokkrar fjölskyldur til að hýsa hópa eftir búðir því misjafnt er hvenær þeir fara heim, tímasetningin er 22.júlí – 23.júlí

Nú leitum við að fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka á mótí börnum þessar helgar. Þeir sem vilja taka þátt í þessu með okkur eru vinsamlegast beðin um að senda tölvupóst á cisv@cisv.is eða drifa.alfredsdottir@gmail.com



Matráður óskast – aðstoðarfólk í eldhúsi!

Eitt af því mikilvægast í þúðum er auðvitað maturinn. Því er nauðsynlegt að vera með einhvern góðan í eldhúsinu. Það væri gaman ef einhver félagsmaður CISV hefði tök á því að taka þátt í því starfi með okkur. Ef einhver er tilbúinn í að gefa vinnu sína í eldhúsið hjá okkur í sumar þá endilega hafa samband. Við erum ekki bundin af því að sama manneskjan sé í heilan mánuð.

Einnig leitum við að hressu aðstoðarfólki í eldhúsið. Ef þú hefur áhuga á að aðstoða í eldhúsinu þá sendu okkur póst á drifa.alfredsdottir@gmail.com eða cisv@cisv.is

Hvað er laust?

Ennþá er laust fyrir fararstjóra til Íslands í sumar. Þeir sem hafa áhuga endilega hafið samband sem fyrst. Einnig er laust fyrir jc stelpu í sumarþúðirnar hér á Íslandi í sumar.

Vegna forfalla var að losna fyrir 17 – 18 ára stelpur til Kanada og Lúxemborg í Seminar camp.

Allar nánari upplýsingar cisv@cisv.is

Söfnunarreikningur fyrir Pay it forward village:

Það hafa komið töluvert af fyrirspurnum hvort það sé hægt að leggja inná söfnunarreikning í stað þess að leggja til matvæli, það er að sjálfsögðu hægt og er reikn.nr. 1101 - 26 – 2064 kt. 500588-1019.



iceland

building global friendship

Fréttabréf 2 tbl. Maí 2010

Ábyrgðarmaður: Halldóra Þ. Jónsdóttir

Kæru félagar

Nú stýttist óðum í sumarþúðirnar sem við höldum hér á Íslandi í sumar. Í tilefni af því ætlum við að tileinka þetta fréttabréf sumarþúðunum sem haldnar verða í Borgarnesi í sumar frá 25. júní – 22. júlí. Hér munum við leita til ykkar við að aðstoða okkur við lokahnykkinn til að gera þessar búðir sem bestar!

Yfirskrift sumarþúðanna í sumar er "Pay it forward" sem er tilvitnun í samnefnda bíómynd. Myndin fjallar um strák sem gerir verkefni í skólanum sínum um að hann ætli að gera góðverk fyrir þrjá aðila án þess að græða á því, en með það í huga að hver og einn geri það sama fyrir aðra þrjá. Ef hver og einn hugsar sem svo, að ef einhver gerir góðverk fyrir þig þá gerir þú það sama fyrir einhvern annan. Með þeirri hugsun er hægt að bæta heiminn. Búðirnar okkar munu byggja á þessari hugmyndafræði. Starfsfólk þúðanna hefur þegar opnað síðu fyrir búðirnar á netinu og er hægt að skoða það sem þar fer fram hér: <http://payitforwardvillage.wordpress.com/>

Hér til hliðar má sjá merki þúðanna í sumar en höfundur þess er Bjarni Kjartansson.

Nú tökum við höndum saman og hlökkum til að sjá ykkur á opna deginum í sumarþúðunum í sumar.

Kær kveðja Halla, formaður CISV.



Fréttir frá búðanefnd

Búðanefndin hefur verið starfandi í allan vetur við undirbúning fyrir sumarbúðirnar í sumar. Haldnir hafa verið fundir reglulega og á milli funda hefur nefndin unnið við að afla matar, föndurdóts og ýmislegt fleira sem þarf að gera fyrir búðir.

Nú stýttist óðum í búðirnar og búðanefndin leitar núna til félagsmanna um aðstoð og stuðning. Ef þið sjáið ykkur fært að leggja eitthvað til búðanna þá er það vel þegið.

Það sem búðanefndin leggur áherslu á núna er meðal annars:

- Teygjuök á einföld rúm, sængur og kotta (má vera gamalt og slitið). Það vantar **EKKI** sænguver og lök án teygju.
- Dósamat (meðlæti með mat s.s grænar baunir, gulrætur, maískorn), spaghettí, kartöflumús (2 kg dugar í eina máltíð), hveiti, sykur, haframjöl, krydd, lyftiduft, natron, matarolía til steikingar.
- Cheerios (nóg komið af kornflexi), aspás súpuvafni.
- Ef einhver er með kjöt eða kjúklingasambönd og gæti útvegað þegar nær dregur, gefins eða mjög ódýrt.
- Lím (fljótandi og límstift), reipi, band, nýjar langar skóreimar, pípuhreinsara, tréliti (eigum við ekki öll stubba á þvælingi??), korktappa.

Þetta er svona smá upptalning á því sem við erum að einbeita okkur að þessa dagana, ef þið hafið einhver sambönd, þó matvaran sé ekki talin upp hér að ofan, endilega látið okkur vita – eða dettur eitthvað í hug sem gæti hentað og er ekki á lista, látið okkur endilega vita.

Gífurleg vinna liggur í að halda svona sumarþúðir fyrir búðanefndina sem starfar að sjálfsgöðu í sjálfboðavinnu (og þá eru ótaldar aðrar nefndir sem eru starfandi fyrir búðirnar) og værum við mjög þakklát fyrir þann stuðning og þá hjálp sem þið félagsmenn getið veitt okkur í gjafaforni.



Þeir sem sjá sér fært að aðstoða búðanefndina við eitthvað tengt búðunum í sumar hafið samband við Drifu í síma: 899 – 4567 eða drifa.alfredsottir@gmail.com



Kynning á starfsmönnum Pay it forward

Nafn og aldur

Arnór Fannar Reynisson, 32 ára

Starfsheiti í búðunum.

Búðarstjóri

CISV reynsla

2000 Fararstjóri til Noregs

2001 Þátttakandi í sumarþúðum á Íslandi

2007 Fararstjóri til Mississippi

2009 Fararstjóri til Mexico

2010 Búðarstjóri á Íslandi :)

Uppáhalds CISV leikur

Chinesc master

Uppáhalds CISV lag/söngur

Father and son



Nafn og aldur

Eva Jóhannsdóttir, 23 ára, verð 24 í búðunum

Starfsheiti í búðunum.

Tengiliður

CISV reynsla.

Barn í sumarþúðum í Noregi 1997

Fararstjóri til Manchester 2007

Fararstjóri til Noregs 2008

EJBM 2008

EJBM 2009

Staff á Íslandi 2010.

Uppáhalds CISV leikur

Survivor Game

Uppáhalds CISV lag/söngur

Vem Kan Segla.



Nafn og aldur

Helena Ósk Jónsdóttir, eins og er ennþá 33 ára

Starfsheiti í búðunum.

Skipuleggjari

CISV reynsla

Þrisvar sem fararstjóri í unglingsbúðir

2005 Calgary Kanada

2008 Lissabon Portúgal

2009 Bogota Kólumbíu

2010 Staff á Íslandi :)

Uppáhalds CISV leikur

Lifeboat

Uppáhalds CISV lag/söngur

Leaving on a jetplane



Nafn og aldur

Helen Hergeirsdóttir, 19 ára

Starfsheiti í búðunum.

Junior staff

CISV reynsla

Fór í sumarþúðir til Noregs

2002 með dönskum hóp, bjó í Danmörku þá.

Jc til El Salvador 2007

2010 Staff á Íslandi :)

Uppáhalds CISV leikur

Stratego

Uppáhalds CISV lag/söngur

Leaving on a jetplane

